Eineltisáætlun Mánalands

(börn)

Stefna leikskólans í eineltismálum

Allt starfsfólk leikskólans þarf að vera meðvitað um einelti í allri sinni mynd og leggja sömu merkingu í orðið einelti. Starfsfólk skal þekkja einkenni eineltis og vita hvernig bregðast skuli við. Forvarnarstarf þarf að vera stöðugt og einkennast af virðingu og vinsemd og það þurfa allir að vera meðvitaðir um. Leikskólastjóri ber ábyrgð á að eineltisáætlun sé kynnt reglulega.

Hvað er einelti?

Birtingarmyndir eineltis geta verið margvíslegar. Einelti felur meðal annars í sér að einstaklingur er tekinn fyrir af einum eða hóp með stríðni, niðrandi ummælum eða sögusögnum, hótunum af ýmsu tagi, andlegri kúgun, félagslegri höfnun eða markvissri útskúfun. Sú hegðun sem einstaklingurinn verður fyrir er meiðandi, særandi eða niðulægjandi og er til þess fallin að mismuna, ógna, útiloka og valda vanlíðan hjá þeim sem hegðunin beinist að. Viðkomandi á erfitt með að verjast. Svo hægt sé að tala um einelti þarf hegðunin að vera síendurtekin og standa yfir í einhvern tíma. Ef barn er lagt í einelti líður ekki langur tími þar til því fer að líða illa, það verður óttaslegið, öryggislaust og á varðbergi. Einelti er ofbeldi sem getur haft varanleg áhrif og á aldrei að líðast. Eineltisáætlunin byggir á forvörnum, inngripum og eftirfylgd.

Grunur um einelti

- Ef starfsmann grunar að barn sé lagt í einelti ræðir hann við deildarstjóra um málið.
- Deildarstjóri ber ábyrgð á því að kanna málið frekar og setja af stað vinnuferla sem fela í sér skráningu og eftirfylgd. Deildarstjóra ber einnig að tilkynna málið til leikskólastjóra sem hefur endanlega ábyrgð á málinu.
- Á deilda – og deildarstjórafundum kynnir deildarstjórinn málið fyrir samstarfsmönnum sínum og tekin er ákvörðun um forvarnir, eftirfylgni, skráningar og inngrip. Einnig þarf að athuga hvort aðrir starfsmenn skólans þurfi að koma að málinu eða hvort eineltið sé einskorðað við deildina.
- Deildarstjóri ræðir við hlutaðeigandi nemendur í samræmi við aldur þeirra og þroska og fer fram á breytt atferli samhliða því sem hann leiðbeinir þeim um æskilega hegðun á uppbyggilegan hátt.
- Ræða þarf við foreldra geranda og þolanda og leita eftir stuðningi þeirra til að fá fram breytingar á samskiptum og framkomu barnanna og eins þarf að láta þá vita hvernig unnið er að lausn málsins og forvörnum í leikskólanum.

Forvarnir

Forvarnir í leikskólastarfinu eru stór þáttur og gríðarlega mikilvægar. Hér kemur upptalning á því sem við á leikskólanum Mánalandi teljum vera forvarnir gegn einelti:

- Viðhorfavinna, vinna gegn fordómum heima og í leikskólanum, hugarfarsbreyting.
- Vinátta, gleði og virðing.
- Skólabragur einkennist af lýðræðislegum vinnubrögðum.
- Agastefna.
- Jafnréttisáætlun.
- Árleg fræðsla og umræður starfsfólks, sjálfsmat.
- Skipulögð félagsfærniþjálfun, samvinnuleikir og fl.
- Reglulegt mat á líðan og félagsfærni barna (haust og vor), gert fyrir foreldraviðtöl.
- Tengslakönnun meðal barna.
- Tengslakönnun meðal starfsmanna og barna.
- Eftirfylgni með mati á líðan barna í leikskólanum.
- Gott foreldrasamstarf sem byggist á trausti, heiðarleika og góðu upplýsingaflæði.
- Skýrir verkferlar, skráningar og samstarf.

Inngrip:

- Allar ábendingar eða vísbendingar um einelti eru teknar alvarlega, ef barn kvartar um að líða illa í barnahópnum er næg ástæða til aðgerða. Ábendingar geta komið frá foreldrum, starfsfólki eða öðrum börnum.
- Málinu er vísað til deildarstjóra.
- Leikskólastjóra er tilkynnt um málið.
- Deildarstjóri og/eða sérkennslustjóri kannar málið með óformlegum hætti, fylgist með samskiptum barna, ræðir við viðkomandi börn og/eða barnahóp.
- Deildarstjóri í samráði við leikskólastjóra og/eða sérkennslustjóra býr til áætlun um úrvinnslu og stuðning við alla aðila og deilir út verkefnum. Starfsfólk deildarinnar haft með í ráðum og gjörðum.
- Deildarstjóri hefur gott samstarf við foreldra viðkomandi barna og veitir góða upplýsingaráðgjöf um hvar málið er statt. Hann tilkynnir foreldrum þegar máli er lokið af hálfu leikskólans og upplýsir með hvaða hætti verður staðið að eftirfylgd.
- Sé þörf á leitar leikskólinn aðstoðar sérfræðinga hjá Félags – og Skólaþjónustu Rangárvalla – og Vestur Skaftafellssýslu.
- Skráningar er mjög mikilvægar í öllu ferlinu s.s. viðtölum, athugunum og öðru sem tilheyrir málinu.

Eftirfylgd:

- Deildarstjóri gerir áætlun um eftirfylgd eftir að inngripi lýkur í samráði við starfsfólk deildarinnar, foreldra og stjórnendur leikskólans. Þar er sjónum beint að því að sá sem

einelti beinist að og eins sá/þeir sem fyrir eineltinu stóðu fái skipulegan stuðning og aðhald svo lengi sem ástæða er til.
- Deildarstjóri eða aðili sem hann hefur útnefnt hefur áfram samráð við foreldra viðkomandi barna á meðan eftirfylgd stendur.
- Málinu lokað með formlegum hætti.

Ítarefni(Bækur):

- Valli á enga vini.
- Má ég vera memm? (Harpa Lúthersd.)
- Bækur um Rut (Arnheiður Borg).
- Stubbur.
- Solla bolla og Támína.
- Litla lirfan ljóta.
- Láki.

03.06.2019

Bergný Ösp Sigurðardóttir, leikskólastjóri